

Kynsjúkdómar

Áður fyrr voru kynsjúkdómar eins og lekandi og sárasótt algengir. Nú á dögum eru aðrir kynsjúkdómar algengari. Gegn sumum þeirra finnst enn engin lækning.

- A. Lestu um kynsjúkdóma á blaðsíðum 127–129 í Mannslíkaminn.
- B. Kannaðu hvaða kynsjúkdómar voru algengir áður fyrr og hvernig þeir lýstu sér.
- C. Lýstu þremur kynsjúkdómum sem eru algengir nú á dögum. Hverja þeirra er ekki enn hægt að lækna?
- D. Hvert snýrðu þér ef þig grunar að þú hafir smitast af kynsjúkdómi? Gakktu úr skugga um að svar þitt sé rétt með því að spyrja kennarann.
- E. Hverjir sjúkdómanna eru tilkynningaskyldir? Hvað þýðir það?

Afurð: Word skjal - PowerPoint.

VIÐMIÐ UM ÁRANGUR:

- ☐ Ég get fundið svör í texta bókarinnar.
- ☐ Ég get svarað í heilum setningum.
- ☐ Ég get sett svörin skipulega upp.

HÆFNIVIÐMIÐ:


Að nemandi:

- ☐ geti útskýrt hvernig einstaklingur getur stuðlað að eigin velferð með ábyrgri neyslu og hegðun.
- ☐ geti unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu.



Lekandi

VAL
**Einstaklings-
verkefni**



Klamydía

Amboð:
Mannslíkaminn
og vefurinn